

## Frumvarp til laga

um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahags-  
svæðisins.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

### I. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum.**

##### 1. gr.

Við a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ríkisborgarar og lög-  
aðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Frí-  
verslunarsamtaka Evrópu, svo og Færeyingar og lögaðilar í Færeyjum, eru undanþegnir bú-  
setuskilyrðinu.

### II. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 28/1998, um verslunarátvinnu, með síðari breytingum.**

##### 2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess leyfi  
sýslumanns. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á  
hendi eins sýslumanns.

##### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Orðin „skal veitt til fimm ára í senn og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Skilyrðið um búsetu á þó ekki  
við um ríkisborgara og lögaðila annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, að-  
ildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga og lögaðila í Fær-  
eyjum.
- c. Í stað orðanna „viðurkenndu váttryggingafélagi“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: váttrygginga-  
félagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi.
- d. 2. mgr. orðast svo:  
Ef lögaðili á í hlut skulu allir stjórnarmenn fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr.

##### 4. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til starfsemi samkvæmt þessum kafla. Efna-  
hags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að skráning leyfa sé á hendi eins sýslumanns.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 20. gr. laganna:

- a. Orðin „í umdæmi því þar sem uppboð skal haldið hverju sinni“ í 1. másl. falla brott.
- b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns.

## 6. gr.

Orðin „í umdæmi sínu“ í 5. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum.**

## 7. gr.

Orðið „tímabundna“ í 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

## 8. gr.

Í stað orðanna „verður að“ í 1. másl. 13. gr. a, 1. másl. 13. gr. b, 1. másl. 1. mgr. 13. gr. c og 1. másl. 1. mgr. 13. gr. d laganna kemur: skal; við 4. tölul. 13. gr. a, 4. tölul. 13. gr. b, 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. c og 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. d bætist: eða; og við 13. gr. a, 13. gr. b, 1. mgr. 13. gr. c og 1. mgr. 13. gr. d bætist nýr töluliður, svohljóðandi: ekki hafa verið sviptur löggildingu Brunamálastofnunar til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.**

## 9. gr.

1. tölul. 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo: Vera búsettur hér á landi. Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, með síðari breytingum.**

## 10. gr.

Í stað orðsins „starfsleyfi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: heimild til að veita þjónustu.

## VI. KAFLI

**Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum.**

## 11. gr.

1. tölul. 1. mgr. 74. gr. laganna fellur brott.

## VII. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, með síðari breytingum.**

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

- b. Í stað orðanna „viðurkenndu váttryggingafélagi“ í 2. mgr. kemur: váttryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi.

#### VIII. KAFLI

##### **Breyting á vopnalögum, nr. 16/1998.**

13. gr.

Við 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Ef umsækjandi er ríkisborgari eða lögaðili annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal umsókn um leyfi beint til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Hið sama gildir um ríkisborgara Færeyja og lögaðila þar í landi.

#### IX. KAFLI

##### **Gildistaka.**

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

